

# Nóvember

# Pési

153.tbl.12. árgangur Október 2002  
Útgefandi Hrunamannahreppur.  
Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir  
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410  
GSM.869-3094  
E-mail hruni@mmedia.is

## Ágætu lesendur.

Þá er það október Pésinn sem berst ykkur.

Í nóvember er Pésinn væntanlegur 15. nóv og þarf efni í hann að berast í síðasta lagi 11. nóv.

Ritstj.

## Frá sundlauginni á Flúðum.

*Vetraropnun:*

Mánud – fimmtudaga	18:00-22:00
Föstudaga	17:00-21:30
Laugard – sunnudaga	13:00-18:00

## Atvinna

Óskum að ráða fólk í hálf- eða heilds dagsstörf við skinnaverkun í nóvember og desember

Upplýsingar gefa Þorbjörn 891-6595 eða Sigurður 863-9662

## Frá Búnaðarbankanum Flúðum.

Opnunartímar.

Alla virka daga frá kl. 11:15 – 16:00  
opið í hádeginu.

Bankastjóri mætir miðvikudagsmorgna.  
Hraðbankinn er alltaf opinn.

## Kæru viðskiptavinir.

Föstudaginn 25. október, verður farið með alla óskilamuni til Rauða-Krossins. Hvort sem það eru sundföt eða skór.

Einnig viljum við benda ykkur á að við höfum ½ lítra gosflöskur frá Egils til sölu.

Kær kveðja sundlaugarverðir.

## Tapað – Fundið

Úlpan mín er týnd!!!!!!!

Um er að ræða splunkunýja FILA úlpu. Hún er svört á litin, með gulbrúnum og hvítum línunum.

Ef einhver veit um úlpuna vinsamlegast hafðu þá samband við Óttar í síma **486-5584** eða **486-5611**.

## Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna  
föstudagana  
18. okt ,1.nóv  
15.nóv og 29.nóv.  
Pantið tímanlega.  
Tímabantanir í síma:  
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.  
Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.  
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084



## Ráðskona.

Óska eftir að komast sem  
ráðskona á sveitabýli. Er vön,  
bæði inni og útistörfum.  
Upplýsingar í síma 869-  
8961

Til sölu 4 lítið slitin  
jeppadekk,  
30x9.50R15.L.T undan  
Vitara.  
Verð 20.000. Upplýsingar  
í síma 486-6649  
Brynjólfur Dalbæ II

Á ekki einhver þrekhjól, sem hann  
er hættur að nota og vill selja.  
Ef svo er hafið samband.

Vigdís sími 486-6512

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Haustfundurinn verður haldinn í Félagsheimili Hrunamannahrepps  
mánudaginn 28 október kl. 20:30.

Hefðbundin fundarstörf, sagt frá formannafundinum, vetrarstarfið  
ofl. Leggið daginn á minnið, því nú sendum við ekki út dreifibréf  
heldur látum reyna á símboðun

Að fundi loknum verður sýnikennsla frá Blómavali.

Stjórnin.

Til sölu GRAKO-  
barnakerra, lítið notuð  
og vel með farin.  
Upplýsingar í síma 486-  
6709 og 865-3677

### **Góðir sveitungar!!**

Ég hef auglýst eftir klifsöðli hér í Pésanum í tvígang, en engin svör fengið. Ég lánaði hann frá Ísabakka árið 2000, en man ekki hver fékk hann. Sá sem fékk hann ætlaði án trúss í Áfangagil að mig minnir. Söðullinn er gamall með bláu segli bryddað með rauðu ofaní milli, töskur úr hvítu segli, nokkuð slitnar.

Eftir þessa lýsingu hlýtur sá sem fékk hann lánaðan að kveikja á perunni, nema hann sé eins gleyminn og ég.

Þessi söðull á sér langa sögu. Sigmundur heitinn í Syðra-Langholti keypti hann á milli 1950-1960. Síðan var hann hjá Helga heitnum fjallkóngi, fyrst á Sóleyjarbakka, síðan á Ísabakka. Helgi hafði hann með sér í allar fjallferðir meðan hann var kóngur og grenjaleitir að auki. Sá sem hefur söðulinn í sinni umsjá, vinsamlegast hafi samband í síma 486-6694. Vonast eftir að þurfa ekki að auglýsa oft eftir söðlinum.

Anna S Sigurðardóttir  
Högnastíg 15b.

### **Bridge spilarar athugið!!!!!!!**

Fyrsta spilakvöldið verður

**Þriðjudaginn 22. október**

kl 20:30.

Nýir spilarar velkomnir.

Spilastjóri.

### **Þankar um hundahald í sveitinni og á Flúðum.**

Samkvæmt reglugerð um hundahald hér í sveitarfélaginu eiga allir hundar að vera í öruggri vörslu, en víða er pottur brotinn í því efni. Veit fólk ekki að hundar eru rándýr í eðli sínu, þess vegna er þeim aldrei treystandi, hversu góðir sem þeir eru. Ég get talað af reynslunni, ég átti einn besta fjárhund sem um getur á seinni árum. Ég er með hund, sem er aldrei laus, en svo eru 3 hundar hlaupandi hér um götuna fram og til baka. Hvenær sem er má eiga von á því að þeir fari á flakk þegar kynhvötin kemur yfir þá, nema þeir séu geltir og hafðir bundnir með keðju. Hundar sem eru allavega blandaðir bastardar eru viðsjálverðir vegna þess að það togast á ýmsir eiginleikar úr labrador, borderkolly og fleiri tegundum. Þar togast á veiðieðlið og smalaeðlið. Hundaeigendur, gætið ykkar áður en í óefni er komið, hafið hundana ekki lausa. Eitt atriði sem ég vil nefna eru hundar sem stökkva út úr limgerðum í veg fyrir ríðandi fólk, þeir geta auðveldlega fælt hesta og valdið slysi.

Ég varð fyrir því í sumar en var svo heppin að hrossið fældist ekki vegna þess að það þekkti hunda.

Læt ég nú lokið þessum skrifum mínum.

Anna S. Sig.  
Högnastíg 15b.

### **Nú er rétta tækifærið**

til að fara með börnin í myndatöku.

Því ef næg þátttaka fæst ætla ég að koma með litla stúdíóið mitt á Flúðir í byrjun nóvember.

Fyrir ykkur sem hafið áhuga hafið samband og kannið verð.

Eypór Árnason sími **581-2310**.

**17. FUNDUR, HREPPSNEFNDAR  
ÁRIÐ 2002.  
MIÐVIKUDAGINN 2. OKTÓBER 2002, KL.  
14.00.  
HALDINN Í FUNDARSAL  
HREPPSNEFNDAR AKURGERÐI 6.**

Árið 2002, 2. október kl. 14.00 hófst fundur í hreppsnefnd Hrunamannahrepps að Akurgerði 6.

Eftirtaldir sátu fundinn; Sigurður Ingi Jóhannsson, Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Unnar Gíslason og Borgþór Vignisson.

Oddviti setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboð.

**Dagskrá:**

- 1. Úrskurður Óbyggðarnefndar vegna þjóðlenda, Ólafur Björnsson hrl. mætir á fundinn.**
- 2. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla, haldinn 23. sept. sl.**
- 3. Fundur Brunamálanefndar Gnúpverja- og Hrunamanna, haldinn 17. sept. 2002.**
- 4. Fundur landbúnaðarnefndar haldinn í Skipholti 15. sept. 2002.**
- 5. Fundur veitustjórnar nr. 2, haldinn 19. ágúst. 2002.**
- 6. Fundur veitustjórnar nr. 3, haldinn 2. sept. 2002.**
- 7. Fundargerð nr. 7. vegna byggingar leikskóla.**
- 8. Fundargerð nr. 8. vegna byggingar leikskóla.**

**9. Fundargerð 11. fundar Byggingarnefndar uppsveita Árnassýslu 12. sept 2002.**

**10. Vatnsveita – Miðlunargeymir Langholtsfjalli, heimild til útboðs.**

**11. Bréf Félagsmálanefndar uppsveita Árnassýslu – stöðuhlutfall.**

**12. Fundargerð hluthafafundar Hitaveitu Grafarhverfis haldinn 5. sept 2002.**

**13. Bréf stjórnar hitaveitu Grafarhverfis dags. 6. sept. 2002, boð um að nýta forkaupsrétt að hlutafé í veitunni.**

**14. Kosning varamanns í Æskulýðs- og íþróttanefnd.**

**15. Bréf slökkviliðsstjóra dags. 2. sept. vegna brunavarna og fleira.**

**16. Vefur, samskiptalausnir ehf, minnisþing vegna gerðar heimasíðu fyrir Hrunamannahrepp.**

**17. Erindi foreldraráðs Suðurlands vegna greiðslu þóknunar til fulltrúa í foreldraráði.**

**18. Fundarboð félagsfundar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands haldinn 9. október nk., kosning fulltrúa á fundinn.**

**19. Fundargerð félagsfundar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands haldinn á Hótel Örk 11. sept. sl.**

**20. Minnisblað sveitarstjóra vegna bókhalds dags. 9. sept. sl.**

**21. Fundargerð oddvitafundar Laugaráslæknishéraðs, haldinn 29. ágúst sl.**

**22. Fundargerð 33. aðalfundar SASS haldinn á Selfossi 30. og 31. ágúst 2002.**

**23. 218. og 219. fundur stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands haldinn 5. júlí 2002 og 6. sept. 2002.**

**24. 96. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 5. sept. sl.**

## **Úrskurður Óbyggðarnefndar vegna Þjóðlenda, Ólafur Björnsson hrl. mætir á fundinn.**

Sú breyting varð á að Ólafur Björnsson hrl., hafði ekki tækifæri til að mæta á fund hreppsnefndar. Fyrir fundinum liggur minnisblað Ólafs Björnssonar hrl. dags. 25. sept. 2002 og gögn frá fyrirlestri um þjóðlendumál sem haldinn var hjá Sambandi ísl. Sveitarfélaga sl. vor. Oddviti gerði grein fyrir málinu og fór yfir fyrirbyggjandi gögn og stöðu málsins. Hreppsnefnd er sammála um að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

## **Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla, haldinn 23. sept. sl.**

Varðandi skipulag skólalóðar er hreppsnefnd sammála um að fela sveitarstjóra að ræða við landslagsarkitekt um hugsanlegan kostnað. Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

## **Fundur Brunamálanefndar Gnúpverja- og Hrunamanna, haldinn 17. sept. 2002.**

Fundargerðin lögð fram.

## **Fundur landbúnaðarnefndar haldinn í Skipholti 15. sept. 2002.**

Oddviti upplýsti að ákveðið er að boða til fundar með Héraðsdýralækni, Yfirdýralæknisembætti, landbúnaðarnefnd, formanni Búnaðarfélags Hrunamanna og formanni Sauðfjárræktarfélag Hrunamanna um riðuvarnir og stöðu sveitarfélagsins þar að lútandi.

Fundargerðin lögð fram.

## **Fundur veitustjórnar nr. 2, haldinn 19. ágúst. 2002.**

Fundargerðin lögð fram.

## **Fundur veitustjórnar nr. 3, haldinn 2. sept. 2002.**

Fundargerðin lögð fram.

## **Fundargerð nr. 7. vegna byggingar leikskóla.**

Fundargerðin lögð fram.

## **Fundargerð nr. 8. vegna byggingar leikskóla.**

Fundargerðin lögð fram.

## **Fundargerð 11. fundar Byggingarnefndar uppsveita Árnassýslu 12. sept 2002.**

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

## **Vatnsveita – Miðlunargeymir Langholtsfjalli, heimild til útboðs.**

Á fund hreppsnefndar mætti Hannibal Kjartansson veitustjóri. Rætt um fyrirbyggjandi hönnun að tveggja hólfa miðlunargeymi í Langholtsfjalli. Hreppsnefnd er sammála um að bjóða út miðlunargeymi miðað við fyrirbyggjandi forsendur og að verklok verði 15. maí 2003.

## **Bréf Félagsmálanefndar uppsveita Árnassýslu – stöðuhlutfall.**

Hreppsnefnd er sammála um að auka starfshlutfall félagsmálastjóra í 100% stöðugildi.

## **Fundargerð hluthafafundar Hitaveitu Grafarhverfis haldinn 5. sept 2002.**

Fundargerðin lögð fram. Hannibal fór yfir stöðu þessa máls og þau sjónarmið sem upp eru varðandi Hitaveitu Grafarhverfis og hugsanlega nýtingu úr holu félagsins. Nokkrar umræður urðu um málið. Fundargerðin lögð fram.

## **Bréf stjórnar hitaveitu Grafarhverfis dags. 6. sept. 2002, boð um að nýta forkaupsrétt að hlutafé í veitunni.**

Oddviti lagði til að Hrunamannahreppur nýti sér forkaupsrétt að hlutafé í Heitaveitu Grafarhverfis kr. 327.000.- Samþykkt samhljóða.

Hér yfirgaf Hannibal fund hreppsnefndar og þakkaði oddviti honum fundarsetuna.

## **Kosning varamanns í Æskulýðs- og íþróttanefnd.**

Borist hefur erindi frá Maríu Magnúsdóttur um lausn frá skipun sem varamaður í æskulýðs- og íþróttanefnd. Hreppsnefnd er sammála um að veita henni lausn frá skipun í nefndina.

Hreppsnefnd leggur til að Valný Guðmundsdóttir verði skipuð varamaður í æskulýðs- og íþróttanefnd. Samþykkt samhljóða.

## **Bréf slökkviliðsstjóra dags. 2. sept. vegna brunavarna og fleira.**

Sveitarstjóri upplýsti að búið að er að kaupa brunahana til að setja upp við Undirheima. Erindinu vísað til fjárhagsáætlunar.

## **Vefur, samskiptalausnir ehf, minnispunktar vegna gerðar heimasíðu fyrir Hrunamannahrepp.**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við fyrirtækið Vefur samskiptalausnir hf. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ræða frekar við fyrirtækið um vefsíðugerð.

## **Erindi foreldraráðs Suðurlands vegna greiðslu þóknunar til fulltrúa í foreldraráði.**

Oddviti lagði til að hafna erindinu. Samþykkt samhljóða.

## **Fundarboð félagsfundar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands haldinn 9. október nk., kosning fulltrúa á fundinn.**

Hreppsnefnd er sammála um að tilnefnda Sigurð Inga Jóhannsson fulltrúa Hrunamannahrepps á aukafund Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands 9. október nk. og Eirík Ágústsson til vara. Samþykkt samhljóða.

## **Fundargerð félagsfundar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands haldinn á Hótel Örk 11. sept. sl.**

Fundargerðin lögð fram.

Hreppsnefnd harmar þann trúnaðarbræst sem fram koma á aukafundi Atvinnuþróunarsjóðs 11. sept. sl., þar sem stjórn og framkvæmdarstjóri félagsins greindu ekki frá álitum Félagsmálaráðuneytisins varðandi lögmati þess að skipa nýja stjórn á fundinum.

## **Minnisblað sveitarstjóra vegna bókhalds dags. 9. sept. sl.**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir vinnu við breytingar á bókhaldlykli sveitarfélaga og uppfærslu hugbúnaðar. Ljóst er að sveitarfélög í landinu hafa þurft að breyta umtalsvert hjá sér bókhaldkerfum og hugbúnaði og lýkur þeirri vinnu í haust.

## **Fundargerð oddvitafundar Laugaráslæknishéraðs, haldinn 29. ágúst sl.**

Oddviti gerði grein fyrir fundargerðinni. Fundargerðin lögð fram.

## **Fundargerð 33. aðalfundar SASS haldinn á Selfossi 30. og 31. ágúst 2002.**

Fundargerðin lögð fram.

## **218. og 219. fundur stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands haldinn 5. júlí 2002 og 6. sept. 2002.**

Fundargerðirnar lagðar fram.

## **96. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn 5. sept. sl.**

Fundargerðin lögð fram.

Fundargerð upplesin. Oddviti óskaði eftir athugasemdum við fundargerð. Engar athugasemdir gerðar. Fundargerð samþykkt, fundi slitið kl. 17.40.

## Frá Versl. Grund Flúðum.

Opnunartími er sem hér segir:

Mánud-fimmtud.	Kl: 8:30-19:00
Föstudaga	Kl: 8:30-20:00
Laugardaga	Kl: 10:00-20:00
Sunnudaga	Kl: 11:00-17:00.

## Jóga.

Jógakennsla hefst fimmtudaginn 17.október.

Kennt verður í Félagsheimili Hrunamanna, Stjórnusal

Þriðjudaga og fimmtudaga kl: 20:30

Allir velkomnir, jafnt byrjendur sem lengra komnir.

Upplýsingar og skráning í S: 486-6777

Aðalheiður.

## Opnunartími Bókasafns Hrunamanna!!!

Mánudaga	Kl: 20 – 21
Þriðjudaga	“ 16 – 18
Miðvikudaga	“ 16 – 18
Fimmtudaga	“ 16 – 18

Heitt á könnunni. Bókavörður

## Eldri borgarar í uppsveitum

Samvera í Skálholti

Þann 22. október næstkomandi verður efnt til samveru eldri borgara úr uppsveitum Árnessýslu, í Skálholti. Samveran hefst kl. 10:30 og lýkur um kl. 16. Rætt verður um það sem kallast má miðlun reynsluarfsins. Hvað viljum við að næstu kynslóðir taki með sér af okkar siðum og venjum? En einnig verður boðið upp á söngskemmtun og samsöng.

## Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli.

Það haustar hægt þetta árið og mildir vindar fara um okkur votum höndum. Vetrarstarfið er nú að komast í eðlilegt horf. Við prestar í uppsveitum ætluðum að slá okkur saman um að halda svo kallað Alfa námskeið en urðum að hætta við sökum þáttökuleysis.

Það er kannski ástæða til að minna á sálgæsluhlutverk prestsins, öllum er leyfilegt að leita til prestsins síns með hvaðeina sem á huga hans leitar. Presturinn er bundinn þagnarskyldu um það sem hann verður áskynja í trúnaðarsamtali við sín sóknarbörn.

## Barnastarfið

Kirkjuskólinn verður með sama sniði og var á síðasta ári. Á laugardögum í **Hruna** fram að jólum.

## Hefst 19. október í Hruna kl.11

Ef einhver hefði gaman af því að leggja okkur lið við þetta starf sem er í senn uppbyggilegt og skemmtilegt þá væri gott að fréttu af því.

## Kyrrðarstundir

Eins og verið hefur mun ég halda kyrrðarstundir í Hrepphólakirkju yfir vetrartímann

Þetta eru einfaldar bæna og íhugunarstundir ætlaðar hverjum þeim sem finnur hjá sér þörf til að eiga stutta næðisstund í Guðs húsi.

Hefst sunnudaginn 20. október kl 20:30

Og verður annan hvorn sunnudag, milli messudaga.

## Messur

Næsta messa verður 27. október í Hruna kl.11

Síðan 10. nóvember í Hrepphólum kl.11

24. nóvember í Hruna kl.11

Þá er ekki fleira að þessu sinni, með ósk um Guðs blessun Eiríkur Jóhannson Hruna.

**Kæru vinir!**

**Sveitungar og samstarfsmenn.**

Innilegar þakkir fyrir ógleymanlega kvöldstund þann 11. október, þegar boðið var til samsætis í Félagsheimli Hrunamanna, í tilefni þess að störfum mínum í forystu Sveitarstjórnar Hrunamannahrepps er lokið.

Kærar þakkir fyrir hlý orð og góðar gjafir.

Ég og fjölskylda mín erum snortin yfir þeirri vináttu og virðingu, sem okkur er sýnd.

Karлакór Hreppamanna þakka ég ljúfan söng og kvenfélagskonum frábært veisluborð.

Sérstakar þakkir til Hreppsnefndar Hrunamannahrepps fyrir að skipuleggja og kosta þetta glæsilega hóf.

Sveitarfélaginu óska ég alls hins besta í framtíðinni,

megi það vaxa og blómstra hér eftir sem hingað til.

Loftur Þorsteinsson og fjölskylda  
Haukholtum.

**Athugið!!!!!!**

Læknir frá Heilsugæslustöðinni í Laugarási

verður til viðtals í Heimalandi kl 14:00

**fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði í vetur.**

**Þjóðlendur – eignarréttur**

Í júní 1998 samþykkti alþingi Íslendinga lög um þjóðlendur, lög nr. 58/1998. Með lögum þessum er kveðið á um umtalsverðar breytingar á skipan eignaréttar á því svæði lands sem til þessa hefur tilheyrt afrétti einstakra sveitarfélaga. Í lögnum er kveðið á um að Íslenska ríkið sé eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum sem ekki eru háð einkaeignarrétti einstaklinga, félaga eða samtaka. Einnig er kveðið á um það í lögnum að enginn má hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, nema að fengnu leyfi yfirvalda.

Þegar svo umfangsmiklar breytingar verða á skipan mála eins og felst í þessari lagasetningu er ekki óeðlilegt að upp komi deilur og vafaatriði um einstaka þætti þessa máls og sérstök og einstök tilfelli eftir aðstæðum hverju sinni og í hverju sveitarfélagi.

Óbyggðanefnd úrskurðaði í þeim málum sem lúta að landi innan marka Hrunamannahrepps. Úrskurður féll 21. mars 2002.

Niðurstaðan varð sú að allar jarðir innan marka sveitarfélagsins héldu sínu landi innan þinglýstra landamerkjara, en afréttarland hreppsins var gert að þjóðlendu. Jafnframt voru Hrunaheiðar gerðar að þjóðlendum og taldar afréttarland Hrunakirkjujarðar.

Hrunamönnum var úrskurðaður hefðbundinn afnotaréttur þ.m.t. veiðiréttur í ám og vötnum eins og á öðrum stöðum.

Það er langur vegur frá að sveitarstjórn Hrunamannahrepps sé sátt við úrskurð Óbyggðanefndar. Þó verður að segjast að áfangasigur hafi náðst þar sem lönd allra jarða sem hlut eiga að máli voru viðurkennd sem eignarland.

Þann 26. okt. nk. rennur út frestur til að áfrýja úrskurði Óbyggðanefndar til dómstóla. Þessa dagana eru sveitarfélög sem búið er að úrskurða í og aðrir aðilar sem hagsmuna eiga að gæta að ráða málum sínum vegna þessa máls og taka afstöðu til þess hvort áfrýjað verði. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur sérstaklega farið yfir þetta mál og mun á næsta fundi sínum taka endanlega afstöðu til þess hvort leitað verður úrskurðar dómstóla vegna afréttar Hrunamannahrepps og landsvæða upp með Hvítá.

Sveitarstjóri.



